

**Nd.**

**1057. Nefndarálit**

[396. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

1. Þetta frumvarp, ef að lögum verður, getur falið í sér auknar álögur á neytendur sem eru ekki undir *1000 milljónum króna*. Verði frumvarpið að lögum verður það að teljast alvarlegt brot af hálfu þingmeirihlutans á nýgerðu samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar um niðurfærslu verðlags og skatta á almenning. Þegar af þeirri ástæðu varar minni hl. alþingismenn alvarlega við því að ganga svo hrottalega í berhögg við hagsmuni almennings sem samþykkt þessa frumvarps vissulega væri.
2. Frumvarpið felur í sér allt að 200% gjald á tollverð á innfluttum kartöflum. Miðað við meðalinnflutning síðustu fjögurra ára getur falist í umræddri heimild um *200–300 milljóna kr. skattur á neytendur* af innfluttum kartöflum. Við það bætast síðan *álögur á innfluttar vörur* unnar úr kartöflum. Um leið gerir þessi skattheimta innlendum framleiðendum kleift að *hækka verð til neytenda*. Í heild getur þessi skattheimta falið í sér álögur á neytendur sem eru ekki undir *einum milljarði króna*.

3. Sérstök ástæða er til að vekja athygli þingheims á ruddalegum vinnubröðum þeirra sérhagsmunaseggja sem farið hafa offari í þessu máli. Þó að hér sé verið að leggja allt að 1000 milljóna kr. aukaskatt á neytendur fylgja nákvæmlega *engir útreikningar* til þess að réttlæta þessa skattheimtu. Með því að kalla skattinn jöfnunargjald er gefið í skyn að verð á kartöflum og vörum úr þeim sé niðurgreitt erlendis. Það eru *hrein ósannindi*. Engar niðurgreiðslur eiga sér stað, hvorki í löndum Efnahagsbandalagsins né í Norður-Ameríku á þessum vörum. Helsti rökstuðningurinn fyrir málinu reynist þannig vera hrein ósannindi.

Það er svo eftir öðru að formaður landbúnaðarnefndar og meiri hl. nefndarinnar synjuðu óskum minni hl. um að málið fengi eðlilega þinglega meðferð í nefnd. Óskir voru settar fram um að málið yrði sent *til umsagnar Alþýðusambands Íslands* vegna þess að það felur í sér brot á bókstaf og anda þess samkomulags sem aðilar vinnumarkaðarins hafa nýlega gert við ríkisstjórn landsins um samræmdar aðgerðir til niðurfærslu verðlags. Sömuleiðis var þess óskað að Neytendasamtökin fengju að útskýra afstöðu sína fyrir nefndarmönnum. Enn fremur að fulltrúar lagadeildar Háskólans og viðskiptaráðuneytis fengju ráðrúm til að skýra hvort svo gerræðisleg lagasetning stæðist ákvæði 40. gr. stjórnarskrárinnar og skuldbindingar okkar skv. GATT sem skuldbindur okkur til að auka ekki álögur á innfluttar vörur vegna fyrirhugaðra viðræðna um frjáls alþjóðaviðskipti innan GATT. Auk þess má benda á að samþykkt þessa frumvarps mun trúlega veikja mjög stöðu okkar í viðræðum við Efnahagsbandalagið og Portúgala vegna saltfisktolls sem þar bitnar á íslenskum útflutningi.

Þessum sjálfsgöðu óskum um þinglega málsmeðferð var dreissugt vísað á bug með þeirri einu undantekningu að fulltrúi viðskiptaráðuneytisins fékk náðarsamlegast að koma á fund nefndarinnar til þess að útskýra GATT-samkomulagið.

4. Reynt er að réttlæta þessa hrikalegu skattheimtu með því að tvær kartöfluverksmiðjur hér á landi séu ekki samkeppnisfærar miðað við það hráefnisverð sem eigendur þeirra, kartöflubændur, hafa látið verksmiðjurnar borga. Verðkönnun Verðlagsstofnunar á frönskum kartöflum (sjá fylgiskjal II) sýnir að eigendur fyrirtækjanna hafa selt sjálfum sér kartöflur á verði sem er langt yfir heimsmarkaðsverði. Síðan er ætlast til þess að Alþingi jafni tvö- til þrefaldan mun á útsöluverði með gífurlegum álögum á innflutta samkeppnisvöru. Sérstök athygli skal vakin á *ályktun Neytendasamtakanna* um þetta mál (sjá fylgiskjal I). Þar segir m.a.:

„Vilji stjórnvöld stuðla að slíkum atvinnurekstri (þ.e. kartöfluúrvinnslu) er eðlilegra að þau styðji hann með *öðrum aðferðum* en að hækka verð samkeppnisvara til neytenda. Slíkar þreifingar ofan í matarbuðdu almennings eru ekki til þess fallnar að bæta kjör heimilanna. Nær væri að veita þessum fyrirtækjum *beina rekstrarstyrki á fjárlögum*. Þá væri kostnaðurinn ljós hverjum sem er og á valdi Alþingis hverju sinni að ákveða hvort halda skyldi slíkum stuðningi áfram.“

5. Hér er verið að takast á um grundvallarsjónarmið: Er það hlutverk Alþingis að *leysa fjárfestingarmistök einkaaðila á kostnað skattgreiðenda?*

Minni hl. landbúnaðarnefndar skorar á alþingismenn að gæta hagsmuna almennings og neytenda í þessu máli með því að vísa á bug svo gerræðislegri lagasetningu.

Alþingi, 22. apríl 1986.

Jón Baldvin Hannibalsson.

## Fylgiskjal I.

Ályktun Neytendasamtakanna:

### ÞREIFINGAR Í MATARBUDDUNA BÆTA EKKI KJÖR HEIMILANNA.

#### Neytendasamtökin mótmæla frumvarpi um hækkaðar álögur á innflutning.

Neytendasamtökin mótmæla framkomnu stjórnarfrumvarpi um heimild til handa stjórnvöldum til þess að leggja allt að 200% ofan á tollvirði innfluttra búvara. Neytendasamtökin telja verði frumvarpið að lögum að það muni leiða til stórhækkaðs vöruverðs til neytenda, koma í veg fyrir samkeppni og draga úr viðleitni framleiðenda til þess að laga sig að markaðsaðstæðum og beita hagkvæmni við framleiðsluna.

Neytendasamtökin fordæma jafnframt þær hugmyndir að neytendur eigi að þola stórhækkað vöruverð af þeim ástæðum einum að nokkrir framleiðendur stofna og reka úrvinnsluverksmiðjur fyrir framleiðslu sína.

Vilji stjórnvöld stuðla að slíkum atvinnurekstri er eðlilegra að þau styðji hann með öðrum aðferðum en að hækka verð samkeppnisvara til neytenda. Slíkar þreifingar ofan í matarbuddu almennings eru ekki til þess fallnar að bæta kjör heimilanna. Nær væri að veita þessum fyrirtækjum beina rekstrarstyrki á fjárlögum. Þá væri kostnaðurinn ljós hverjum sem er og á valdi Alþingis hverju sinni að ákveða hvort halda skyldi slíkum stuðningi áfram.

## Fylgiskjal II.

### Verðsamanburður Verðlagsstofnunar á frönskum kartöflum.

(Verð allra tegunda miðast við 1 kg.)

	kr.
Busser, 2,5 kg .....	50,00
Vriezo, 2,5 kg .....	60,80
Farm Frites-Oven ready, 5 kg .....	71,80
Valley Farms, 2,27 kg .....	77,79
Lutosa, 1 kg .....	79,35
Valley Farms, 1 kg .....	83,93
Farm Frites-Oven ready, 1804 g .....	89,50
Farm Frites-Oven ready, 907 g .....	91,88
McCain, 1 kg .....	130,33
Pykkvabæjar, 1500 g .....	140,52
Fransman, 1500 g .....	143,54
Pykkvabæjar, 700 g .....	146,12
Fransman, 700 g .....	146,77